

Gögnin sem hér eru kynnt eru úr netkönnun SVIÐ-verkefnisins frá 2023 þar sem 960 þátttakendur tóku framburðarpróf, hlustuðu á upptökur, sögðu skoðun sína á mismunandi framburðarafrbrigðum (öðrum en þeim sem þeir sjálfir nota) og svöruðu spurningum varðandi viðhorf þeirra til eigin framburðar. Litaskalin við hvert kort táknar meðaleinkunn þátttakenda fyrir viðkomandi framburðarafrbrigði. Á aldurskiptu gröfunum er aðeins unnið með gögn úr sýslum þar sem meðaleinkunn þátttakenda er  $\geq 10\%$ .

SVIÐ-verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Rannís 2023–2025.


# Norðlensk, sunnlensk og vestfirsk framburðareinkenni



## Valdar niðurstöður úr rannsóknarverkefninu Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma (SVIÐ)

### Norðlensk einkenni


#### Harðmæli



Það kallast **harðmæli** þegar hljóðönnin /p, t, k/ eru borin fram fráblásin á eftir löngu sérhljóði: *tapa* [tʰa:pʰa], *bíta* [pi:tʰa], *líka* [li:kʰa]. Flestir bera þessi hljóðönn fram ófráblásin (línsmæli): *tapa* [tʰa:pa], *bíta* [pi:ta], *líka* [li:ka]. Kjarnasvæði harðmælis eru Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur en framburðinn má finna á mjög stóru svæði; allt frá Vestur-Húnavatnssýslu austur í Múlasýslur. Framburðurinn stendur nokkuð styrkum fótum og harðmæla málhafa er að finna í öllum aldursþópum.

### Sunnlensk einkenni


#### Skaftfellskur einhljóðaframburður



Það nefnist **skaftfellskur einhljóðaframburður** þegar borði er fram langt einhljóð í áhersluatkvæði orða eins og *logi* [lɔ:ji], *hagi* [ha:ji], *hugi* [hʏ:ji], *stigi* [str:ji], *löggin* [lœ:jin]. Meirihluti málhafa hefur þar tvíhljóðaframburð: *logi* [lɔ:ijj], *hagi* [haijj], *hugi* [hʏ:ijj], *stigi* [stijj], *löggin* [lœ:ijn]. Þar sem einhljóðaframburður á /e/ er afar sjaldgæfur er honum sleppt hér. Eins og nafnið gefur til kynna er skaftfellskur einhljóðaframburður algengastur í Skaftafellssýslum en hann er þó líka að finna í Vestmannaeyjum og Rangárvallasýslu. Framburðurinn er að finna hjá málhöfum á öllum aldri og staða hans telst meðalsterk.


### Vestfirsk einkenni

#### Vestfirskur einhljóðaframburður




Í **vestfirskum einhljóðaframburði** eru hljóðönnin /a/ og /ö/ borin fram sem einhljóð á undan /ng/ og /nk/: *langur* [lanɣʏr], *töng* [tʰœŋk]. Flestir málhafa bera slík orð fram með tvíhljóði: *langur* [lanɣkvʏr], *töng* [tʰœiŋk]. Einhljóðaframburður á /e/ og /i/ hefur löngum verið sjaldgæfur og er því sleppt hér. Vestfirskur einhljóðaframburður er á miklu undanhaldi. Hann er nú nánast einungis að finna í Ísafjarðarsýslum og lítið ber á honum meðal yngri málhafa.

### Raddaður framburður




Það nefnist **raddaður framburður** þegar hljóðönnin /m, n, l, ð/ eru borin fram rödduð á undan fráblásnu lokhljóði: *hempa* [hɛmpʰa], *mennta* [mɛntʰa], *hjálpa* [çauɫpʰa], *blaðka* [plaðkʰa]. Í meirihlutaframburði eru þessi hljóðönn örödduð og lokhljóðin jafnframt ófráblásin: *hempa* [hɛmpa], *mennta* [mɛnta], *hjálpa* [çauɫpa], *blaðka* [plaðka]. Hljóðasambandið /lt/ hefur nokkra sérstöðu þegar kemur að röddun og er því sleppt hér. Háfi málhafar raddaðan framburð eru þeir sömuleiðis harðmæltir, en því er alls ekki alltaf öfugt farið. Raddaðan framburð er helst að finna á austanverðu Norðurlandi, en hann er á miklu undanhaldi og sjaldgæfur meðal ungs fólks.

### hv-framburður




Talað er um **hv-framburð** þegar orð eins og *hvalur* eru borin fram með uppgömmæltu önglhjóði. Önglhjóðið er ýmist kringt eða ókringt og stundum er greint á milli tveggja afbrigða þess kringda: [xɑ:lʏr]/[xʷɑ:lʏr]/[lxva:lʏr]. Flestir málhafa bera slík orð fram með uppgömmæltu lokhljóði: [kʰvɑ:lʏr]. Hér er ekki gerður greinarmunur á ólíkum gerðum önglhjóðaframburðarins. Sterkan hv-framburð er nú fyrst og fremst að finna hjá skaftfellskum málhöfum um og upp úr fimmtugu og staða afbrigðisins telst því nokkuð veik.

### Vestfirsk áhersla




Það nefnist **vestfirsk áhersla** þegar aðaláhersla er lögð á forsetninguna í sambandinu atviksorð + forsetning + fornafrn: *framan í mig* [framan'i:mɪɣ], *ÚT úr þér* [ut'úr:ðer]. Flestir hafa aðaláherslu á atviksorðinu í þessu sambandi: *FRAMAN í mig* [fra:manimɪɣ], *ÚT úr þér* [u:tu:ðer]. Áberandi vestfirsk áhersla kom aðeins fyrir í upplestri eins þátttakenda. Hún kemur þó almennt ekki fyrir í lestri nema hjá þeim sem lesa verulega liðlega og því er nokkuð erfitt að rannsaka tíðni hennar og útbreiðslu skipulega.

### Greinileiki afbrigða




Í netkönnuninni hlustuðu þátttakendur á tvær upptökur af svæðisbundnum framburði frá öðrum svæðum en eigin heimasvæði. Hér má sjá svör þeirra við spurningunum *Hvaðan af landinu heyrðist þér upplestarinn vera?* og *Hvar telur þú upplestarinn vera alinn upp?* Þátttakendum gekk best að staðsetja norðlenska lesarann (með harðmæli og raddaðan framburð) og meirihluti taldi hann uppallinn í þéttbýli utan borgarinnar. Meirihluti þátttakenda bar einnig kennsl á vestfirsku lesarann (með einhljóðaframburð á /a/) og helmingur taldi hann uppallinn í dreifbýli. Um helmingur þátttakenda staðsetti sunnlenska lesarann (með einhljóða- og hv-framburð) á Suðurlandi og meirihluti taldi hann uppallinn í dreifbýli.

### Athugasemdir um framburð




Hér má sjá svör þátttakenda við spurningunni *Manstu eftir að hafa fengið athugasemdir um framburð þinn, t.d. á vinnustaði eða í vinnuhópum?*, skipt eftir framburði þeirra (viðmið minnihlutaeinkenna hér og áfram: > 30%). Málhafar með minnihlutaframburð, einkum norðlenskir, höfðu frekar fengið athugasemdir en aðrir.

### Venjulegur framburður




Mikill meirihluti þátttakenda taldi staðhæfinguna *Framburður minn er venjulegur* eiga frekar eða mjög vel við sig. Þó er athyglisvert að hlutfall jákvæðra svara er nokkuð lægra meðal málhafa með norðlensk framburðareinkenni, en fimmtungur þeirra svaraði hlutlaust. Almennt töldu mjög fáir málhafar staðhæfinguna eiga illa við sig.

### Fallegur framburður



Hér má sjá viðbrögð þátttakenda við staðhæfingunni *Framburður minn er fallegur*. Málhafar með minnihlutaframburð voru nokkuð jákvæðari í garð eigin framburðar en aðrir, einkum Norðlendingar og Vestfirðingar (síðarnefndi hópurinn er þó afar fámennur). Nokkuð stór hluti þátttakenda sagði staðhæfinguna eiga hvorki vel né illa við sig.

### Framburður og sjálfsmýnd



Stór hluti þátttakenda taldi staðhæfinguna *Framburður minn er mikilvægur hluti af sjálfsmýnd minni* eiga frekar eða mjög vel við sig. Hlutfall jákvæðra svara er þó sérstaklega hátt meðal norðlenskra og vestfirskra málhafa. Það er sömuleiðis aðeins herra hjá málhöfum með sunnlenskan framburð en þeim sem hafa meirihlutaframburð.